



LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Nefnarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. febrúar 2003

Efni: Umsögn um frumvarp um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn

Almennar athugasemdir

Með bréfi dags. 30. janúar s.l. sendi allsherjarnefnd Alþingis Landssambandi lögreglumanna (LL) frumvarp til laga um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, 375 mál.

Landssamband lögreglumanna þakkar nefndinni fyrir að fá tækifæri til að koma athugasemdum sínum að.

Það sem að snýr helst að lögreglumönnum varðandi frumvarpið er samstarf björgunarsveita við lögreglu.

Mjög oft reynir á samskipti lögreglu og björgunarsveita og hefur nokkuð borið á togstreitu milli þessara aðila við störf enda getur verksvið undir ákveðnum kringumstæðum skarast nokkuð.


Í lögreglulögum nr. 90/1996 kemur fram í 3. mgr. 6. gr. að ráðherra setji reglur um samstarf lögreglu og björgunarsveita. Þær reglur hafa ekki en verið settar en LL hefur fregnað að ríkislögreglustjóri hafi fyrir tveimur árum skilað dómsmálaráðuneytinu drögum að slíkum reglum. Efni slíkra reglna mun skipta lögreglumenn miklu og væntanlega greiða úr óvissu sem að upp getur komið í samstarfi lögreglu og björgunarsveita.

LL telur rétt að í frumvarpið um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn komi inn ákvæði um samskipti björgunarsveita við lögreglu og reglur yrðu settar á grundvelli þeirra laga um samstarf lögreglu og björgunarsveita. Það verður að telja brýnt að fram komi með skýrum hætti í þeim lögum er varða björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn svo miklívægt atriði sem samskipti þeirra við lögreglu.

LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Það er mikilvægt þar sem að allur sá fjöldi sem að lögin taka til þ.e. björgunarsveitarmenn að þeir geti séð með glöggum hætti í lögum er þá varða eitthvað um samskiptareglur við lögreglu og þá eftir atvikum að reglur séu settar á grundvelli þeirra laga en ekki sé þögn um svo mikilvægt mál í lögnum.

Virðingarfyllt



Grétar Jónasson hdl.,
framkvæmdastjóri LL